



**153. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
miðvikudaginn, 22. febrúar, 2006, kl. 12:00.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Starfsmenn tæknideildar mæta á fundinn.**
Mættir til fundarins eru þeir Ragnar Ingi Tómasson, umsjónarmaður tæknideildar og Páll Ingbór Kristinsson, umsjónarmaður eigna til viðræðna um neðangreind atriði. Viku þeir af fundi að loknum þessum liðum.
 - a. Urðunarsvæði við Draugagil.**
Umræður urðu um skýrslu um urðunarsvæðið sem fylgdi fundargögnum.
 - b. Gjaldskrár.**
Rætt um gjaldskrár tæknideildar, sbr. minnisblað bæjarstjóra, 20. febr. sl. Starfsmönnum tæknideildar falið að leggja fram drög að heildstæðri gjaldskrá yfir þá málaflokka sem undir deildina heyra og leggja fyrir bæjarráð.
 - c. Byggingarlóðir.**
Farið yfir verkferli samkeppna sbr. minnisblað bæjarstjóra 20. febrúar sl. Samþykkt að setja vinnu í gang með að deiliskipuleggja íbúðasvæðið frá Ennisbraut að Heiðarbraut, sbr. aðalskipulag Blönduóssbæjar 1993 – 2013.
- 2. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006-2009.**
Lögð fram til kynningar. Ákveðið að ræða tillöguna nánar á næsta fundi bæjarráðs.
- 3. Bréf frá Stefáni Stefánssyni v. Veidifélags Blöndu og Svartár.**
Bréfið er dags. 29. janúar 2006 ásamt fylgigögnum. Bréfitari lýsir yfir óánægju með samskipti við stjórn Veidifélagsins og fer yfir nokkur málefni máli sínu til stuðnings. Lagt fram til kynningar.
- 4. Fundarboð:**
 - a. Ráðstefna um Staðardagsskrá 21.**
Haldinn 3. mars nk. í Reykholti. Lagt fram til kynningar.
 - b. Frá Siglingastofnun.**
Fundur með nefnd um fjármál hafna. Símafundur bæjarstjóra með nefndinni er fyrirhugaður 23. febrúar nk.
 - c. Boðun til aðalfundar Norðuróss ehf.**
Aðalfundurinn verður haldinn þ. 28. febrúar nk. kl. 16. Lagt fram til kynningar.



d. Málstofa á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Málstofan er á sviði skóla- og menntamála og er haldinn þ. 6. mars nk. Bæjarstjóri og Jóhanna G. Jónasdóttir, bæjarfulltrúi sæki fundinn f.h. sveitarfélagsins.

5. Önnur mál.

a. Endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu.

Bæjarstjóra falið að rita umsögn vegna frumvarpsdraganna.

b. Valdimar Guðmannsson lagði fram fyrirspurnir og óskaði eftir skriflegum svörum á næsta fundi bæjarstjórnar:

1. *Hvenær á að kynna og afgreiða í bæjarráði leigusamning við Ámundakinn ehf. vegna leigu á áhaldahúsi?*
2. *a. Hver er ástæðan fyrir að snjómokstur hjá Blönduósbæ var ekki boðinn út?*
b. Hvenær á að kynna og afgreiða samning í bæjarráði sem gerður var um snjómokstur?
c. Var rætt við aðra vinnuvélaeigendur á Blönduósi um að taka að verkið að sér?
3. *Hver var heildarkostnaður Blönduósbæjar vegna kaupa og innréttinga á skrifstofuhúsnæði að Þverbraut 1, ásamt kostnaði við lyftu?*
4. *Hvað fækkaði stöðugildum hjá Blönduósbæ mikið við sölu hitaveitunnar sl. sumar?*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl 13:15.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)